

Dreifibréf

Reykjavík, 1. október 2020

Tilvísun: OS2020020128/10.5

Verknúmer: 4353250

Efni: Ákvörðun um val á söluaðila til þrautavara

Orkustofnun hefur það hlutverk samkvæmt 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 að velja söluaðila til þrautavara í samræmi við leiðbeiningar sem stofnunin setur á grundvelli reglugerðarinnar.

Lægsta birta meðalverð raforkusala á tímabilinu mars til ágúst 2020 var hjá raforkusölufrirtækinu Íslenskri orkumiðlun ehf. krónur 7,15 á hverja kWh samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fyrirtæki	Birt meðalverð til heimila mars-ágúst 2020	Magn í kwh.	Kostnaður við raforkukaup	Kostnaður við raforkuviðskipti*	Kostnaður alls
Íslensk Orkumiðlun ehf.	7,15	2.250	16.088	0	16.088
Orka heimilanna ehf.	7,3	2.250	16.425	0	16.425
Orkubú Vestfjarða ehf.	7,5	2.250	16.875	0	16.875
Orka náttúrunnar ehf.	8,1	2.250	18.225	0	18.225
Fallorka ehf.	8,11	2.250	18.248	0	18.248
HS Orka hf.	8,11	2.250	18.248	0	18.248
Orkusalan ehf.	8,18	2.250	18.405	0	18.405

Ákvörðunarorð

Í samræmi við 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 tilkynnist hér með að raforkusali til þrautavara á tímabilinu 1. nóvember 2020 til 30. apríl 2021 er Íslensk orkumiðlun ehf.

Stjórnvaldsákvörðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækis eða dreifiveitu sæta kærur til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra


Guðmundur I Bergþórsson


Hanna Björg Konráðsdóttir

Fylgiskjöl:

Leiðbeiningar Orkustofnunar um val á söluáðila til þrautavara.